

Nd.

126. Frumvarp til laga

[123. mál]

um breytingu á lögum nr. 83 28. desember 1981 um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Úr 2. gr. laganna falli brott orðin „31. desember 1982“ en í staðinn komi orðin „31. desember 1983.“

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 83/1981 var fjármálaráðherra veitt heimild til þess að leggja jöfnunarálag á hús og húshluta í tilteknum tollskrárnúmerum. Lögin gilda til 31. desember 1982. Gjaldtöku þessari var ætlað að rétta hlut innlendrar húsagerðar gagnvart aukinni samkeppni erlendis frá. Átti álagið að samsvara uppsöfnuðum gjöldum af efnivöru í innlenda framleiðslu, en ýmis hátollavara til húsbygginga ber lægri aðflutningsgjöld ef hún er flutt inn með húsi eða húshluta heldur en hún ber ef hún er flutt inn sérstaklega. Um frekari rökstuðning fyrir jöfnunarálaginu vísast í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 83/1981. Forsendur hafa ekki breyst fyrir gjaldtöku þessari og þykir eigi fært að fella gjaldið niður nú um n. k. áramót, en slíkt mundi trúlega stofna atvinnuöryggi fjölda manna í bygg-ingariðnaði í hættu.

Nú stendur yfir heildarendurskoðun tollskrárlaga, en þar mun m. a. verða lagt til að felldir verði niður að meginstefnu til tollar og önnur aðflutningsgjöld af hvers konar efnivöru til innlendrar framleiðslu. Verði þær tillögur lögfestar bresta forsendur fyrir gjaldtöku þessari. Því er lagt til í frumvarpi þessu að gjaldtakan verði framlengd til áramóta 1983—1984.